



Samantekt

Vinnustofa um fuglaflensu 2021

Apríl 2021





Efnisyfirlit

Samantekt	2
Summary	2
1. Inngangur	3
2. Undirbúningur	4
2.1. Tímaáætlun.	4
2.2. Þátttakendur.	4
2.3. Skipulag.....	4
2.4. Mat á árangri - þátttakendur.....	4
2.5. Mat á árangri – leikstjórnendur.....	5
2.6. Samantekt á úrbótatillögum þátttakenda.....	6
3. Ákvörðun um úrbætur	6
Viðauki I – Sviðsmynd	7
Viðauki II – Endurmatseyðublöð	7
<i>Endurmatseyðublað fyrir þátttakendur</i>	8
<i>Endurmatseyðublað fyrir leikstjórnendur</i>	9

Samantekt

Vinnustofa um fyrstu viðbrögð við tilkynningu um grun um fuglaflensu var haldin 8. apríl 2021 í fjarfundi á Teams. Tilgangur vinnustofunnar var að æfa þátttakendur í að fara gegnum þá umræðu og ákvarðanatöku sem þarf að eiga sér stað þegar upp kemur grunur um fuglaflensu. Markmið æfingarinnar var að gera þátttakendur betur undir það búna að taka ákvörðun um viðbrögð þegar tilkynning um grun um fuglaflensu berst. Eftir vinnustofuna yrðu til punktar sem nota mætti sem grunn að stuðningsskjali um ákvarðanatöku um aðgerðir þegar tilkynning berst um grun um fuglaflensu. Vinnustofan var haldin að ósk og frumkvæði sérgreinadýralæknis alifugla og skipulögð og framkvæmd af VÁ-teymi Matvælastofnunar.

Dagskráin var einföld með einni sviðsmynd sem fjallaði um að tilkynningar hefðu borist í öllum umdæmum um grun um fuglaflensu og að sérgreinadýralæknir alifugla hefði kallað saman VIÐ-teymið vegna þessa. Verkefnið fólst í því að fylgja verklagi samkvæmt viðbragðsáætlun um alvarlega dýrasjúkdóma og taka ákvarðanir um aðgerðir. Æfingin stóð frá klukkan 9 til 12 og hófst á kynningu á sviðsmynd dagsins. Síðustu 30 mínútur æfingarinnar voru notaðar í umræður um æfinguna.

Þátttakendur voru héraðsdýralæknar allra umdæma (Suður, Suðvestur, Norðaustur, Austur og Norðvestur), sérgreinadýralæknir alifugla, sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma og faraldsfræði og yfirdýralæknir. Sérgreinadýralæknar súna, dýravelferðar, aukaafurða dýra og heilbrigðiseftirlits í sláturhúsum voru viðstaddir og tiltækir ef á þyrfti að halda í verkefni æfingarinnar. Viðstaddir voru einnig svokallaðir áheyrendur sem voru meðlimir AST-teymisins, sem er skipað sérgreinadýralæknum alifugla og svína auk fjögurra eftirlitsdýralækna sem sinna eftirliti í svína- og fuglabúum. Æfingin var skipulögð og henni stjórnað af VÁ-teymi Mast sem í eru sex manns.

Fyrir æfinguna var boð sent til þátttakenda 11. mars þar sem sagt var frá tilgangi og markmiði æfingarinnar og áminning var send til þátttakenda 31. mars.

Eftir æfinguna var þátttakendum og leikstjórnendum sent endurmatsblað sem var fyllt inn og skilað til VÁ-teymis.

Almennt fannst þátttakendum viðfangsefni vinnustofunnar raunhæft og meirihlutanum fannst tilgangur og markmið hafa verið skýr. Þátttakendur töluðu um að undirbúningur og þekking þeirra hefði mátt vera meiri á almennu viðbragðsáætluninni og leikstjórnendur töluðu um að þátttakendur hefðu mátt vera betur undirbúnir. Vel tókst að afhjúpa veikleika og komu margar tillögur til úrbóta og athugasemdir um hvað betur hefði mátt fara.

Það er augljóst að nauðsynlegt er að semja sértækari viðbragðsáætlanir um dýrasjúkdóma, í þessu tilfelli um fuglaflensu en einnig er nauðsynlegt að kynna betur hina almennu viðbragðsáætlun og verkferlana sem hún segir til um.

Summary

An online workshop for Avian Influenza was held in April 2021 on Teams. The purpose of the workshop was to give participants a short exercise in going through the necessary discussions and decision making when there is a suspicion of AI. The aim of the workshop was to make participants better prepared in making decisions regarding measures when suspicion of Avian Influenza is reported and to gather information to use for writing a supporting document for decision making about suspected AI. The workshop was held at the wishes and initiative of the Veterinary Officer for Poultry Health and organised and executed by the Contingency Team (VÁ-teymi) at MAST.

The program consisted of a simple scenario depicting reported suspected cases of AI from all districts of the Icelandic Food and Veterinary Authority. The veterinary officer for poultry health would have called upon the contingency-reaction team (VIÐ-teymi) which is defined by the contingency plan as a team consisting of the chief veterinary officer, the district veterinary officer of the district in each case and the veterinary officer for the animal species in question, to make decisions on any suspected case of animal diseases covered by the contingency plan. Participants were to follow the procedures laid down in the contingency plan for animal diseases and make decisions on measures to be taken. The workshop was three hours long, including a 30-minute discussion in the end with participants and facilitators.

Active participants were all the district veterinary officers, veterinary officers for poultry, epidemiology and the chief veterinary officer. The veterinary officers for animal welfare, zoonoses, ABP and meat inspection were by standing participants, prepared to step in if requested by the active participants to take part in the case scenario. The veterinary officer for swine health and four veterinary inspectors from the poultry and swine team formed a passive audience. Two members of the Contingency-team were facilitators.

Participants got their invitation about a month in advance. After the workshop, all active participants and facilitators were asked to fill out an evaluation form.

The general opinion was that the scenario of the exercise was realistic and the majority thought that the purpose and goal of the workshop were clear. The participants also said that their own preparedness before the workshop could have been better and their knowledge about the general contingency plan was not good enough. Facilitators agreed that participants should have been more prepared. The workshop managed to uncover some weaknesses and many suggestions were made about improvements of both the form of the workshop and the contingency plan.

It is clear from this workshop how necessary it is to have specific supporting documents for the contingency plan, covering the details about reactions to specific diseases, in this case AI. It is also clear that it is important to educate staff and stakeholders on the general contingency plan, its meaning and procedures.

1. Inngangur.

Tilgangur vinnustofunnar var að þátttakendur færu í gegnum þá umræðu og ákvarðanatöku sem þarf að eiga sér stað þegar upp kemur grunur um fuglaflensu.

Frumkvæði að þessari vinnustofu um fuglaflensu átti sérgreinadýralæknir alifugla. Um þessar mundir er aðsteðjandi hættu á fuglaflensusmiti á Íslandi vegna H5N8 faraldurs í villtum fuglum í Evrópu. Æskilegt er að útbúa sérstaka viðbragðsáætlun, eða stuðningsskjal sem fjallar sérstaklega um fuglaflensu og gæti niðurstaða vinnustofunnar orðið efniviður í slíkt skjal.

Markmið vinnustofunnar var tvíþætt: Annars vegar væru þátttakendur að lokinni vinnustofu betur búnir undir að taka ákvörðun um það sem þyrfti að gera ef tilkynning um fuglaflensu bærisk. Hins vegar yrðu til punktar sem nota mætti sem grunn að stuðningsskjali um ákvarðanatöku um það sem þarf að gera ef tilkynning um fuglaflensu berisk.

Skipuleggjendur voru meðlimir VÁ-teymis þ.e. viðbragðsáætlana-teymi Matvælastofnunar. Þau eru Auður Lilja Arnþórsdóttir, Kristín Silja Guðlaugsdóttir, Sigríður Gísladóttir, Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, Silja Unnarsdóttir og Þórður Pálsson.

2. Undirbúningur

VÁ-teymi Matvælastofnunar var stofnað á Akureyri 11. janúar 2019. Teymið, sem er fimm manna, hefur m.a. það hlutverk að skipuleggja og framkvæma viðbragðsæfingar fyrir starfsfólk Matvælastofnunar og aðra sem koma að aðgerðum er varða alvarlega smitsjúkdóma í dýrum og vernd dýra í tengslum við náttúruhamfarir og slys.

2.1. Tímaáætlun.

Áætlað var að vinnustofan tæki þrjár klukkustundir. Ekki var haldinn undirbúningsfundur en þátttakendur fengu boð og áminningu senda tímanlega.

2.2. Þátttakendur.

Þátttakendur voru héraðsdýralæknar allra umdæma (Suður, Suðvestur, Norðaustur, Austur og Norðvestur), sérgreinadýralæknir alifugla, sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma og faraldsfræði og yfirdýralæknir. Sérgreinadýralæknar súna, dýravelferðar, aukaafurða dýra og heilbrigðiseftirlits í sláturhúsum voru viðstaddir og tiltækir ef á þyrfti að halda í verkefni æfingarinnar. Viðstaddir voru einnig svokallaðir áheyrendur sem voru meðlimir AST-teymisins sem samanstendur af fjórum eftirlitsdýralæknum sem sinna svína- og fuglabúum, auk sérgreinadýralækna svína og alifugla. Æfingin var skipulögð og henni stjórnað af VÁ-teymi Mast sem í eru sex manns. Allt í allt tóku 20 manns þátt í Teams fundinum.

2.3. Skipulag.

Ákveðið var að þau þrjú úr VÁ-teyminu sem ekki hefðu mögulega faglega aðkomu að sviðsmyndinni yrðu leikstjórnendur. Leikstjórnendur lásu upp sviðsmyndina og útskýrðu hverjir væru þátttakendur, hverjir væru áheyrendur og reglur um fundarhegðun. Undirstrikað var að þau sem væru áheyrendur myndu ekki grípa fram í eða tjá sig nema þess væri óskað.

2.4. Mat á árangri - þátttakendur

Í lok vinnustofunnar var hálf tíma löng umræða meðal þátttakenda, áheyrenda og VÁ-teymis um vinnustofuna, forsendur og árangur. Eftir vinnustofuna fengu þátttakendur og leikstjórnendur send endurmatsblöð með annars vegar tólf og hins vegar átta spurningum um álit þeirra á vinnustofunni, undirbúningi og framkvæmd meðal annars. Átta þátttakendur af þrettán skiluðu inn endurmati og allir leikstjórnendur og verður stiklað á því helsta sem fram kom á endurmatsblöðum.

Meirihluta þátttakenda fannst tilgangur og markmið hafa verið skýr. Í athugasemdum kom fram að betur hefði mátt skýra uppsetningu æfingarinnar en tilgangur og markmið hafi að mestu verið skýr. Þátttakendur voru sammála um viðfangsefni vinnustofunnar hefðu verið raunhæf. Í athugasemd var bent á að það hefðu fundist ýmis mikilvæg verkefni sem gefa tilefni til úrbóta, t.d. um úrgangsmál.

Flestum fannst tímalengd hæfileg en einum þátttakanda fannst vinnustofan of löng og öðrum að tíminn hafi verið illa nýttur, þó tímalengd hafi verið hæfileg og engum fannst það trufla gang vinnustofunnar að hún væri haldin rafrænt eða að óvirkir áheyrendur hefðu verið á vinnustofunni.

Þátttakendur skiptust nokkurn veginn í tvennt hvað varðaði mat þeirra á eigin þekkingu eftir vinnustofuna, til að takast á við sambærileg verkefni í raunveruleikanum. Gegnumgangandi var það

viðhorf að nauðsynlegt væri að hafa sértæka viðbragðsáætlun en að þekkingin væri þó aðeins skárri eftir þessa vinnustofu.

Þegar spurt var um hvernig þátttakendum hefði þótt að vinna eftir Viðbragðsáætlun fannst mörgum áætlunin vera of almenn. Sértæk viðbrögð kalli á sértækar leiðbeiningar og niðurnjörvað verklag með skilgreindum ábyrgðarhlutverkum gagnist vel og spari tíma. Einn þátttakandi óttaðist að mikilvæg skref gætu gleymst í fyrstu viðbrögðum þar sem tilkynning geti borist á mismunandi staði.

Umræður þóttu góðar og þær þóttu ganga vel og samtalið þótti gott og fara fram af virðingu. Stjórnun VÁ-teymis var hrósað og mörgum fannst jákvætt hve mikil fagþekking hefði komið fram hjá þátttakendum. Praktískum atriðum eins og góðu netsambandi og góðri mætingu var einnig hrósað.

Þegar kom að því að ræða það sem illa gekk voru það helst undirbúningsleysi, óskýr fyrstu skref, skortur á leiðtoga í viðbrögðum og agaleysi og einbeitingarleysi í umræðum sem voru nefnd. Nefnt var að fundarstjórn hefði mátt vera frekar í höndum annars en sérgreinadýralæknis sem þurfti fyrst og fremst að sinna hlutverki leiðtoga í viðbrögðum. Þátttakendur lýstu því að vita ekki hver bæri ábyrgð og hver hefði hlutverk, en slíkt er þó skilgreint almennt í Viðbragðsáætlun um alvarlega dýrasjúkdóma. Of mikill tími hefði farið í að ræða um upplýsingar sem ekki voru til staðar og almennt agaleysi hafi einkennt vinnustofuna.

Hvernig mætti þá gera hlutina öðruvísi á næstu vinnustofu? Í svörum þátttakenda er talað um að næsta vinnustofa mætti vera styttri, með betur skilgreindu viðfangsefni og betri undirbúningi þátttakenda. Einnig var nefnd sú hugmynd að hafa utanaðkomandi ritara og fundarstjóra. Nefnt var að það þyrfti að útskýra mun betur hver tilgangur svona vinnustofu sé og brýna þurfi fyrir þátttakendum að láta sem um raunverulegan atburð sé að ræða og því verði þátttakendur að vera í ákveðnu hlutverki og bíða með athugasemdir um formgalla til síðari tíma. Þátttakendur vilja gjarnan æfa viðbrögð við öðrum A-sjúkdómum eins og afrískri svínapest, kverkeittlabólgu í hestum, ýmsum sjúkdómum í hundum og hrossum, Salmonelli á blönduðu búi en einnig var nefnt að sjúkdómurinn sem slíkur skipti ekki öllu og úrgangsmál voru einnig nefnd.

Á heildina litið fannst þátttakendum framtakið gott og nauðsynlegt að vera vakin til meðvitundar um viðbrögð við alvarlegum dýrasjúkdómum með þessum hætti. Fínar ábendingar, tillögur og hugmyndir bárust um næstu vinnustofur og æfingar, en einnig um hvar skóinn kreppir í ýmsum málum er varða viðbrögð við dýrasjúkdómum.

2.5. Mat á árangri – leikstjórnendur

Leikstjórnendur skiluðu inn endurmatsblaði með svipuðum spurningum og á endurmatsblaði þátttakenda.

Eftir á að hyggja hefðu leiðbeiningar mátt vera nákvæmari að mati leikstjórnenda. Langan tíma tók að koma umræðum af stað og voru leikstjórnendur nokkuð áhyggjufullir þegar þátttakendur voru í sem mestum vandræðum, en þegar mesta óvissan var yfirstaðin gengu samræður vel. Það var þó augljóst að þátttakendur höfðu ekki kynnt sér viðbragðsáætlunina fyrir fram eins og ætlast var til, eða gert sér grein fyrir að hún væri mikilvægasta verkfæri æfingarinnar. Erfiðlega gekk að halda verkaskiptingu milli þátttakenda skýrri. Líklega væri gott að halda kynningu í upphafi og endurskoða stjórnun á svona vinnustofu. Þó vinnustofan hafi verið lítil að umfangi mætti athuga hvort ekki sé nauðsyn að hafa undirbúningsfund. Mest þörf er á að æfa samvinnu og samræmd viðbrögð að mati leikstjórnenda.

Endurmat leikstjórnenda sýnir að þeir eru sammála þátttakendum um að útbúa þarf fleiri gæðaskjöl, skýra boðleiðir, kynna viðbragðsáætlunina fyrir dýralæknum og brýna fyrir viðbragðsaðilum hvert hlutverk þeirra er komi upp grunur um alvarlegan smitsjúkdóm í dýrum.

2.6. Samantekt á úrbótatillögum þátttakenda

Efst á lista þeirra úrbóta sem þátttakendur lögðu til var að semja þyrfti sértækar viðbragðsáætlanir um tiltekna dýrasjúkóma. Bent var á að bæta þyrfti kynningu á almennu viðbragðsáætluninni og ítreka mikilvægi þess að starfsmenn þekki hana inn og út. Skýra þarf betur hvað hún fjallar um og muninn á henni og þeim sértæku.

Tæknilegar úrbætur sem voru lagðar til varðandi vinnustofuna voru t.d. að skýra betur í kynningartexta að tilgangurinn með vinnustofunni væri m.a. að draga fram veikleika í viðbragðsáætlun og ítreka að allir ættu að hafa kynnt sér viðbragðsáætlunina fyrir fram.

Einnig var talað um að sérgreinadýralæknir sem er fyrirliði VIÐ-teymis hefði ekki átt að vera fundarstjóri vegna mikilvægs hlutverks í viðbrögðum.

3. Ákvörðun um úrbætur

- Kynna viðbragðsáætlun ítarlega og gera mikilvægi hennar skýrara fyrir starfsmönnum.
- Halda þarf fleiri æfingar til að þjálfra góð vinnubrögð og rétt viðbrögð í samræmi við viðbragðsáætlun.
- Vinna sértækar viðbragðsáætlanir um dýrasjúkdóma eftir forgangsröð ákveðinni af sérgreinadýralæknum.
- Breyta viðbragðsáætlun um alvarlega dýrasjúkdóma þannig að VIÐ-teymi ákveði hverju sinni hver stýrir fundum og ritar fundargerðir.

Viðauki I – Sviðsmynd

Æfing í fyrstu viðbrögðum við tilkynningu um grun um fuglaflensu

Viðbrögð við tilkynningu um grun um fuglaflensu

Tilgangur

Tilgangur æfingarinnar er að þátttakendur fari í gegnum þá umræðu og ákvarðanatöku sem þarf að eiga sér stað þegar upp kemur grunur um fuglaflensu.

Markmið

- Eftir æfinguna eru þátttakendur betur undir það búnir að taka ákvörðun um það sem þarf að gera þegar tilkynning um grun um fuglaflensu berst, en fyrir hana.
- Eftir æfinguna verða til punktar sem nota má sem grunn að stuðningsskjali um ákvarðanatöku um það sem þarf að gera þegar tilkynning berst um grun um fuglaflensu.

Þátttakendur

- Héraðsdýralæknar
- Sérgreinadýralæknir alifugla
- Sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma og faraldsfræði
- Yfirdýralæknir
- Sérgreinadýralæknir súna*
- Sérgreinadýralæknir dýravelferðar*
- Sérgreinadýralæknir aukaafurða dýra*
- Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits í sláturhúsum*

*Þátttakendur ef VIÐ-teymið óskar þess.

Dagsetning: Fimmtudagur 8. apríl

Staðsetning: Teams

Tími: 9:00 – 12:00

Sviðsmynd:

Tilkynning hefur borist frá í Stjörnueggjum á Vallá (Mosfellsbær) um grun um fuglaflensu og tilkynningar um dauða villta fugla í fuglafriðlandinu á Húsabakka, við Fljótsdalsstöð Kárahnjúkavirkjunar, við Hraun á Skaga og við Þjórsá rétt fyrir neðan Þrándarlund.

Sérgreinadýralæknir alifugla hefur kallað saman VIÐ-teymið vegna þessa.

Verkefni:

Fylgja verklagi samkvæmt viðbragðsáætlun um alvarlega dýrasjúkdóma og taka ákvarðanir um aðgerðir.

Umsjónarmenn:

Sigríður Gísladóttir

Pórður Pálsson

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir

Áheyrendur:

AST-teymi

Viðauki II – Endurmatseyðublöð



Endurmatseyðublað fyrir þátttakendur

1. Fannst þér tilgangur og markmið vinnustofunnar vera skýr?

Já Nei - ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar

2. Fannst þér viðfangsefni vinnustofunnar vera raunhæf?

Já Nei - ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar

3. Fannst þér tímalengd vinnustofunnar vera hæfileg?

Já Nei - ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar

4. Fannst þér þú nú eftir vinnustofuna hafa nægilega þekkingu til að takast á við sambærileg verkefni í raunveruleikanum?

Já Nei - ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar

5. Hafði það áhrif á gang vinnustofunnar að hún var haldin rafrænt?

Já Nei - ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar

6. Hvernig fannst þér að vinna eftir Viðbragðsáætlun um alvarlega dýrasjúkdóma?

7. Hvað fannst þér ganga vel í vinnustofunni?

8. Hvað fannst þér ganga illa í vinnustofunni?

9. Hvað myndir þú vilja að væri gert á annan hátt á næstu vinnustofu?

10. Hvað fannst þér um að hafa óvirka áheyrendur á vinnustofunni?

11. Hvað myndir þú vilja æfa næst?

12. Annað sem þú vilt koma á framfæri:



Endurmatseyðublað fyrir leikstjórnendur

1. Fannst þér þú geta undirbúið þig nægilega vel fyrir æfinguna?

Já Nei - ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar

2. Fannst þér leiðbeiningar fyrir leikstjórnendur vera skýrar?

Já Nei - ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar

3. Hvað fannst þér ganga vel á æfingunni?

4. Hvað fannst þér ganga illa á æfingunni?

5. Hvað myndir þú vilja að væri gert á annan hátt á næstu æfingu?

6. Hvað telur þú mesta þörf á að æfa?

7. Annað sem vilt koma á framfæri:

8. Annað sem þú vilt koma á framfæri: